



Barnaheill

Save the Children Iceland

Reykjavík 16. mars 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum. Þingskjal 3 – 3. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka heilshugar undir þingsályktunartillögu þessa um að öllum nemendum í framhaldsskólum verði tryggt aðgengi að sálfræðiþjónustu innan veggja skólanna og hvetja til þess að hún verði samþykkt á Alþingi.

Brottfall úr framhaldsskólum er samkvæmt skýrslu Barnaheilla 18,8%, eða það hæsta sem gerist á Norðurlöndum. Sjá: <http://www.barnaheill.is/Frettir/Frett/langtilandmedaduppraetabarnafataekt/>. Afar mikilvægt að bregðast við miklu brottfalli úr framhaldsskólum til að vinna gegn því að börn og ungmenni flosni upp úr námi. Menntun er meðal þess sem sker úr um hvernig fólki reiðir af í samfélaginu og vinnur meðal annars gegn fátækt.

Gedheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni er samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar frá 2016 ábótavant. Sjá: <http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/02/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>.

Samkvæmt reynslu er nýting á sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum góð þar sem boðið hefur verið upp á hana. Sjá m.a. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/03/08/ungt_folk_synir_streitueinkenni/.

Barnaheill hvetja Alþingi til að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að sálfræðiþjónustu og setja stefnu, í viðbót við það sem fram kom í gedheilbrigðisáætlun frá 2016, um þjónustu sálfræðinga í framhaldsskólum.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, þ.á m. gedheilbrigðisþjónustu, án mismununar.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is